

31. maí 2011

Fundur nr. 54

Fundur haldinn hjá UMFÞ þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 19:30 í herbergi Þróttara á efri hæð íþróttahússins Vogum.

Mættir eru: Björn G. Sæbjörnsson, Kristján Árnason, Heiða Elísdóttir, , Rúnar Freyr Sævarsson. Sandra Helgadóttir mætti síðar.
Í fríi og fjarverandi Inga Sigrún Atladóttir (framkvæmdastjóri).
Kristján ritaði fundargerð í fjarveru Söndru.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

2 Bréf frá Eðvarði fyrrum þjálfara.

Björn las bréfasamkipti – málin enduðu farsællega

3. Könnun á áhuga barna til íþróttaiðkunar næsta haust

Farið yfir niðurstöður könnunar. Ómarktæk könnun tekið fyrir síðar betur.

4. Drög að bréfi til bæjarstjórnar

Vinna þarf betur í bréfi, Heiða, Kristján, Rúnar og Sandra ætla að laga efni og óska eftir fundi við bæjarstjóra sem fyrst og fara yfir samstarfssamning Þróttar við sveitarfélagið sem og samanburð á framlögum til Íþróttafélaga í nágrannasveitafélögum. Setja þarf framtíðarsýn stjórnar niður á blað. Hugmyndin er sú að kynna fyrst efnið fyrir bæjarstjóra og taka svo málið áfram með bæjarstjórn.

4. Vorfundur UMFÍ

Föstudaginn 27. maí - laugardagsins 28. maí var vorfundur UMFÍ haldinn á Ísafirði. Björn og Sandra mættu og var mikil ánægja með ferðina.

5. Önnur málefni

Björn verður í fríi næstu 4 vikur, Kristján sér um að boða fundi í fjarveru hans.

Baddi ætlar að bjóða upp á fótboltaskóla 1 x í viku í júní og ágúst stjórn samþykkir.

Stjórnin lýsti yfir áhuga á að stefna að því að Þróttur taki þátt í landsmótum í framtíðinni.

Þegar haustdagskráin verður kynnt ætti að skoða að bjóða upp á viðeigandi íþróttir fyrir eldri borgara.

Næsti fundur verður eftir viku 07.06.2011 Kristján boðar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 21:00